

LÖG

um breytingu á lögum um Slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991 (skipan og hlutverk skólanefndar, aðskildar fjárreiður).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Slysavarnafélag Íslands“ í 1. mgr. kemur: Slysavarnafélagið Landsbjörg.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Slysavarnafélagið Landsbjörg skal halda fjárreiðum skólans aðskildum frá öðrum rekstri og starfsemi félagsins og er í þeim tilgangi heimilt að hafa rekstur skólans í sérstöku félagi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands“ og „Slysavarnafélagi Íslands“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: Félagi skipstjórnarmanna; og: Slysavarnafélaginu Landsbjörg.
- b. Í stað orðanna „Slysavarnafélags Íslands“ í 3. másl. 1. mgr. og 2. másl. 2. mgr. kemur: Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
- c. Í stað orðanna „fjalla um“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: vera ráðgefandi um fagleg.
- d. Orðin „einkum varðandi tækjakaup og búnað hans, viðhald, framkvæmdir og áframhaldandi uppbyggingu“ í 1. másl. 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Skólanefnd“ kemur: Slysavarnafélagið Landsbjörg.
- b. Á eftir orðinu „sjómanna“ kemur: að fenginni umsögn skólanefndar.
- c. Í stað orðanna „Slysavarnafélags Íslands“ kemur: félagsins.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Við 1. másl. bætist: samkvæmt þjónustusamningi.
- b. 2. másl. fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. júní 2022.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.